

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 13. júní 2002

um breytingu á ákvörðun 2001/881/EB um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum

(tilkynnt með númeri C(2002) 2113)

(Texti sem varðar EES)

(2002/455/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB ⁽³⁾, einkum 4. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB ⁽⁴⁾ er skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.
- 2) Að beiðni breskra yfirvalda og í kjölfar skoðunar á vegum bandalagsins ber að bæta skoðunarstöð í Peterhead-höfn við skrána.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færslu er bætt við skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir Breska konungsríkið í viðaukanum við ákvörðun 2001/881/EB:

1	2	3	4	5
„Peterhead	0730699	P	HC-T(FR) (1)(2)(3) ⁴	

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 326, 11.12.2001, bls. 44.